

AÐ HVERJU BER AÐ HUGA Í ATVINNULEIT?

Auður Bjarnadóttir

Umræðan um atvinnumarkaðinn hefur verið á neikvæðum nótum síðustu vikur og mánuði. Atvinnutækifæri eru mun færri í dag en þau voru fyrir þremur til fjórum árum. Fleiri hæfir umsækjendur eru um hvert starf og samkeppnin því harðari.

Þeir sem luku viðskiptamenntun fyrir 3 árum voru flestir búnir að ráða sig í vinnu áður en þeir útskrifuðust. Í dag horfir markaðurinn allt öðru vísi við þeim sem ljúka prófi í viðskiptagreinum. Margir eru ekki komnir með vinnu þegar þeir útskrifast og það eru engin tíðindi.

Það er ekki þar með sagt að engin störf séu í boði, því fyrirtæki eru í töluverðum mæli að ráða til sín starfsfólk. Auðvitað veltur þetta á eðli þeirra starfa sem í boði eru og hvaða hæfniskröfur eru gerðar til starfsmannsins.

Viðskiptamenntun spannar vítt svið og ekki er sama hvort um er að ræða einstakling með bakgrunn í markaðsfræði eða stjórnun, fjármálum eða endurskoðun, svo eitthvað sé nefnt.

Það er mikilvægt að byggja upp ferilinn strax að námi loknu. Fyrsta starfið skiptir miklu máli varðandi framtíðarstefnu á vinnumarkaði.

Á undanförunum árum hefur sérhæfing starfsfólks aukist til muna. Þannig gætu til dæmis þeir sem hafa menntun á sviði markaðsfræða og starfsreynslu á sviði fjármála átt erfitt með að skipta algerlega um vettvang innan hinna ýmsu greina viðskiptafræðinnar. Mikilvægt er því að halda sér við á því sviði sem fólk vill stefna að og öðlast reynslu þrátt fyrir að viðkomandi vinni ekki við draumastarfið að sinni.

Fyrirtæki geta leyft sér að gera meiri kröfur þegar framboð af umsækjendum er mikið og iðulega fer það eftir umsækjendahópnum hverjir komast að. Þeir sem hafa þekkingu eða reynslu umfram hæfniskröfur standa óneitanlega framar þeim sem uppfylla einungis framsett skilyrði.

Lykilatriði fyrir einstaklinga í atvinnuleit er að beita árangursríkum aðferðum. Í dag er það töluverð fyrirhöfn að leita sér að vinnu og ákveðið ferli sem þarf að ganga í gegnum. Líkja má þessu við markaðssetningu, þar sem ferilskráin og umsóknin eru markaðstækin.

Einstaklingar verða að leggja mikla vinnu í gerð þeirra, auk þess að leita sér upplýsinga um fyrirtækið sem þeir sækjast eftir að starfa hjá, fylgjast vel með því sem er að gerast á vinnumarkaði og breytingum hjá fyrirtækjum.

Eins og svo oft áður skiptir undirbúningsvinnan miklu máli. Markmiðið hlýtur að vera að komast í viðtal og gögnin þurfa því að vekja áhuga lesandans á að hitta viðkomandi og heyra enn frekar hvað hann hefur fram að færa.

Í fyrsta lagi ætti einstaklingurinn því að velta fyrir sér starfssviðinu sem um er að ræða og þeim hæfniskröfum sem gerðar eru til starfsmannsins. Ef hann kemst að þeirri niðurstöðu að um sé að ræða starf sem hann hefur áhuga á að sinna, og að hann uppfylli þau skilyrði sem gerð eru, þá er ekki eftir neinu að bíða með að sækja um. Alltof oft kemur fyrir að fólk veltir þessu hreint ekki fyrir sér, sækir blint um og hefur kannski ekki kynnt sér annað en starfsheitið. Þetta veldur því að fólk upplifir sífellt höfnun, sem er slæmt fyrir sjálfsmyndina.

Í öðru lagi þarf einstaklingurinn að útbúa skýra og greinagóða ferilskrá sem gefur gott yfirlit yfir bakgrunn viðkomandi, þekkingu og reynslu.

Í þriðja lagi er nauðsynlegt að koma sér enn betur á framfæri með því að skrifa bréf með umsókninni, þar sem viðkomandi fjallar sérstaklega um hvaða erindi hann eigi í starfið sem hann er að sækja um.

Vissulega hefur markaðurinn breyst á undanförunum árum og ekki úr jafnmörgum störfum að velja og áður. Þó atvinnuástandið mætti vera betra þá legg ég áherslu á að fólk líti á starfsferil sinn í víðara samhengi og undirbúi sig fyrir þau tækifæri sem gefast í framtíðinni.

Greinin birtist í tímariti viðskipta- og hagfræðinga í mars 2003.

© Capacent/Auður Bjarnadóttir. Þær greinar sem birtast á vefnum eru eign Capacent og má ekki afrita án leyfis.